

**Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins  
til sýslumannsins í Dalasýslu um niðurfellingu manntalsþinga í Dalasýslu.**

„Ráðuneytið vísar til bréf yðar, herra sýslumaður, dags. 7. þ. m., varðandi tillögu yðar, ásamt samþykkt sýslunefndar Dalasýslu, um að leggja niður manntalsþing í Dalasýslu.

Með vísun til 10. gr. laga nr. 28 1981 um breytingu á lögum nr. 85 1936 um meðferð einkamála í héraði, samþykkir ráðuneytið að manntalsþing í Dalasýslu verði lögð niður.“

**GJALDSKRÁ**  
**fyrir vatnsveituna Bása í Hrunamannahreppi, Árnassýslu.**

1. gr.

**Árlegur vatnsskattur.**

Heimilt er að leggja á árlega vatnsskatt allt að 0,3% af fasteignamatsverði íbúðarhúsa, en 0,2% af öðrum húsum sem á hverju býli eða lóð standa. Gjald þetta má hækka eða lækka um allt að 30%.

2. gr.

Sé vatn notað annað en í sambandi við venjulega notkun skal semja um það sérstaklega.

3. gr.

**Tengigjald.**

Tengigjöld skulu vera kr. 5 000,00 og hækka með byggingarvísitölu, sem nú er 1331 stig. Óheimilt er að tengja leiðslur við vatnsveituna nema með samþykki umsjónarmanns veitunnar. Gjald fyrir lokun og opnun heimæða skal greiða samkvæmt reikningi.

4. gr.

Ef um sérstaklega langar og kostnaðarsamar heimtaugar er að ræða, skal húseigandi greiða það sem talist getur umfram eðlilegan kostnað.

5. gr.

Stofngjald skv. ákvæðum þessarar gjaldskrár skal greitt í einu lagi, áður en tenging við dreifikerfi vatnsveitunnar er framkvæmd.

6. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. desember ár hvert. Loka má fyrir aðrennsli að húsum ef ekki er staðið í skilum með greiðslur. Tilkynt skal um lokun með þriggja daga fyrirvara.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Hrunamannahrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. október 1982.*

F. h. r.  
**Jón S. Ólafsson.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*